

Tilhögun umferðarfræðslu í skólum: Markmið og leiðir

Lokaskýrsla starfshóps samgönguráðherra



Samgönguráðuneytið
September 2009



Efnisyfirlit

1.0	FORMÁLI	5
2.0	MEGINTILLÖGUR STARFSHÓPSINS	7
3.0	STEFNUMÖRKUN VARÐANDI UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM	9
3.1	ALMENNT	9
3.2	UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2007-2010.....	9
3.3	FRAMLÖG AF UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN TIL UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM	10
3.4	KOSTNAÐUR SAMFÉLAGSINS AF UMFERÐARSLYSUM	10
4.0	LAGAUMGJÖRD UM UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM	12
4.1	ÁKVÆÐI UMFERÐARLAGA UM UMFERÐARFRÆÐSLU	12
4.2	HLUTVERK MENN AMÁLARÁÐUNEYTI Í UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM	13
4.2.1	Lög um grunnskóla.....	13
4.2.2	Lög um leikskóla.....	14
4.3	ÖNNUR LAGAÁKVÆÐI.....	15
4.4	LAGARAMMI UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM Í DANMÖRKU.....	16
5.0	NÚVERANDI FYRIRKOMULAG UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM	17
5.1	ALMENNT	17
5.2	AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA	17
5.3	SKÓLANÁMSKRÁ	17
5.4	NÁMSGREININ LÍFSLEIKNI Í GRUNNSKÓLUM	18
5.4.1	Áfangamarkmið við lok fjórða bekkjar grunnskóla.....	19
5.4.2	Áfangamarkmið við lok sjöunda bekkjar grunnskóla.....	19
5.4.3	Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar grunnskóla	19
5.5	UMFERÐARFRÆÐSLA SEM VALGREIN Í 8.–10. BEKK GRUNNSKÓLA	20
5.6	UMFERÐARFRÆÐSLA Í FRAMHALDSSKÓLUM	20
5.7	MÓÐURSKÓLI Í UMFERÐARFRÆÐSLU	22
6.0	SKIPAN UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM TIL FRAMTÍÐAR	24
6.1	ALMENNT	24
6.2	UMFERÐARFRÆÐSLUDEILD/SVIÐ UMFERÐARSTOFU	24
6.3	MÍKILVÆGI FJÖLBREYTNÍ UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM.....	25
6.4	BREYTTUR SAMGÖNGUMÁTI OG UMFERÐARFRÆÐSLA Í SKÓLUM	26
6.5	UMFERÐARFULLTRÚAR Í SKÓLUM	27
6.6	UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN Í GRUNNSKÓLUM	27
6.7	HLUTVERK LÖGREGLU Í UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM ENDURSKILGREINT	28
6.8	AÐ RÖDD BARNNA HEYRIST	28
6.9	HLUTVERK FORELDRA/FORRÁÐAMANNA Í UMFERÐARFRÆÐSLU BARNNA VERÐI SKILGREINT.....	29
6.10	UNDIRBÚNINGUR KENNARA FYRIR UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM	29
6.11	UMFERÐARÖRYGGISMÁL BARNNA Á SÉRSTAKRI VEFSÍÐU.....	30
	HEIMILDASKRÁ.....	33
	AF NETINU	33
	LAGAHEIMILDIR.....	35



„Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.“

Úr 3. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

1.0 FORMÁLI

Samgönguráðherra skipaði í mars 2007 starfshóp til þess að móta tillögur um útfærslu og tilhögun umferðarfræðslu í skólum landsins í samráði við hagsmunaaðila.

Í skipunarbréfi starfshópsins segir: „Í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda fyrir árin 2007–2010, sem er hluti af samgönguáætlun fyrir sama tímabil, er sérstök áhersla lögð á mikilvægi fræðslu barna og ungmenna í forvörnum gegn umferðarslysum. Til að framfylgja þeim hugmyndum sem þar koma fram hefur samgönguráðherra ákveðið að fela starfshópi á vegum ráðuneytisins að móta tillögur um útfærslu og tilhögun umferðarfræðslu í skólum landsins í samráði við hagsmunaaðila.“

Starfshópin skipuðu:

Tryggvi Jakobsson	tilnefndur af Námsgagnastofnun
Guðni Olgeirsson	tilnefndur af menntamálaráðherra
Knútur Hafsteinsson	tilnefndur af Ökukennarafélagi Íslands
Karin Erna Elmarsdóttir	tilnefnd af Umferðarstofu
Sigurður Arnar Sigurðsson	tilnefndur af Grundaskóla
Birna Hreiðarsdóttir	formaður, tilnefnd af samgönguráðherra, sem jafnframt ritað skýrsluna.

Kristín Björg Þorsteinsdóttir, tilnefnd af Umferðarstofu, átti sæti í starfshópnum til 12. febrúar 2008 þegar Karin tók við, en hún hafði setið nokkra fyrri fundi starfshópsins. Ásta Egilsdóttir átti sæti í starfshópnum til 11. september 2007, þegar Þórdís Þórisdóttir tók við af henni. Sigurður Arnar Sigurðsson tók við af Þórdísi 12. febrúar 2008. Sigríður Lára Ásbergisdóttir, menntamálaráðuneyti, hefur setið 3 fundi starfshópsins.

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 16. mars 2007. Haldnir voru 14 fundir í starfshópnum, auk þess sem umtalsverð gagnaöflun fór fram milli funda.

Áfangaskýrsla hópsins var gefin út þann 8. maí 2008 (Samgönguráðuneytið a).

Með þessari skýrslu eru gerðar heildstæðar tillögur um fyrirkomulag og inntak umferðarfræðslu í skólum á mismunandi skólastigum til framtíðar. Umferðarstofa gerði samning við dr. Valdimar Briem, sálfræðing, um að gera tillögur á þessu sviði.

Hann afhenti samgönguráðherra skýrslu sína í desember 2008. Í skýrslunni er mikinn fróðleik að finna um umferðarfræðslu í skólum, fyrirkomulag þeirra mála í nágrannalöndum og tillögur að fyrirkomulagi umferðarfræðslu á mismunandi skólastigum hér á landi. Verður efni skýrslunnar ekki rakið nánar hér, en bent á vefslóðina <http://www.samgonguraduneyti.is/malaflokkar/umferdamal/utgefni/nr/1919> en þar er skýrslan birt í heild sinni.

Í skýrslu þessari er leitast við að varpa ljósi á lagaramma umferðarfræðslu í skólum, aðkomu ráðuneyta samgöngumála og menntamála að málaflokknum og mikilvægi náinnar samvinnu þessara aðila. Jafnframt eru settar fram hugmyndir um ýmsar aðgerðir til að auka vægi og fjölbreytni í umferðarfræðslu í skólum. Starfshópurinn vonast til að tillögur hans muni auðvelda stjórnvöldum stefnumótunarstarf í þessum mikilvæga málaflokki til framtíðar.

2.0 MEGINTILLÖGUR STARFSHÓPSINS

Í þessum kafla eru dregnar saman helstu niðurstöður starfshópsins ásamt tillögum til úrbóta sem beint er til þess ráðuneytis sem málið heyrir undir, en nokkur mál varða ráðuneytin sameiginlega. Áhersla skal þó lögð á að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða.

Ráðuneyti menntamála:

- Umferðarfræðsla verði styrkt enn frekar sem skilgreindur þáttur í aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.
- Áhersla verði lögð á fjölbreytni í umferðarfræðslu í skólum. Leitast verði við að samþætta umferðarfræðslu öðru námi og mismunandi kostum í samgöngum.
- Boðið verði upp á umferðarfræðslu sem valgrein í 8.–10. bekk grunnskóla.
- Heimilt verði að meta ökunám til eininga í framhaldsskólum.
- Skólar setji sér umferðaröryggisáætlanir sem hluta af skólanámskrá og með hliðsjón af umferðaröryggisáætlun viðkomandi sveitarfélags. Foreldraráð í leikskólum og í grunnskólum gefist kostur til að fjalla um þessar áætlanir og hafi áhrif á mótun þeirra.
- Umferðarfulltrúar verði ráðnir/tilnefndir í öllum leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.
- Umferðarfræðsla verði hluti af almennu kennaranámi.

Ráðuneyti samgöngumála:

- Starf umferðarfræðsludeildar Umferðarstofu verði eftt og/eða sett verði á stofn umferðarfræðslusvið Umferðarstofu sem miðli upplýsingum um umferðarmál til nema í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
- Þróaður verði vefurinn www.umferd.is þannig að þar verði ítarlegar upplýsingar fyrir nema í leik-, grunn- og framhaldsskólum um allt sem varðar öryggi þeirra í umferðinni.
- Samstarfsverkefni Umferðarstofu, Grundaskóla og Námsgagnastofnunar á sviði umferðarfræðslu í skólum verði eftt með það að markmiði að það nái til sem flestra skóla.
- Gerður verði samningur við embætti Ríkislögreglustjóra um þátttöku lögreglunnar í umferðarfræðslu í leik- og grunnskólum.

Sameiginleg verkefni menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis:

- Ákvæði 117. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verði endurskoðuð. Samin verði reglugerð um umferðarfræðslu í stað reglugerðar. nr. 534/1989. Ráðuneyti samgöngu- og menntamála ákveði skipan umferðarfræðslu í skólum til framtíðar og skýri betur verkaskiptingu sín á milli.
- Menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga útbúi handbók um öryggismál og slysavarnir í leik- og grunnskólum í samræmi við reglugerðir við leik- og grunnskólalög og þar verði ma. fjallað um umferðaröryggi.
- Samstarf verði aukið við erlendar stofnanir og skóla sem skara framúr á sviði umferðarfræðslu í skólum.
- Tryggt verði að umferðarfræðsla í skólum taki mið af áherslum í samgöngumálum á hverjum tíma.
- Almennur umferðaröryggisdagur verði haldinn árlega að hausti þegar sem flestir skólar taka til starfa.
- Sjálfboðaliðar verði þjálfaðir til að kenna fimm til sjö ára börnum rétta umferðarhegðun.
- Þróað verði námsefni og viðfangsefni til umferðarfræðslu í skólum og fjármagni veitt til þess. Verði því skipt á eftirfarandi aldurstig:
 1. Námsefni fyrir leikskóla.
 2. Námsefni fyrir grunnskóla sem skiptist í eftirfarandi hluta:
 - a. fyrir 1.–4. bekk grunnskóla.
 - b. fyrir 5.–7. bekk grunnskóla.
 - c. fyrir 8.–10. bekk grunnskóla.
 3. Námsefni fyrir framhaldsskóla.

3.0 STEFNUMÖRKUN VARÐANDI UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM

3.1 ALMENNT

Umferðarfræðsla í skólum er málaflokkur sem krefst náins samspils menntamála- og samgönguyfirvalda til að árangri megi ná. Það byggist á því að bætt umferðaröryggi er eitt af verkefnum samgönguráðuneytisins, en fræðsla barna og ungmenna um umferðarmál í leik-, grunn- og framhaldsskóla er á ábyrgðarsviði bæði menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis, samkvæmt nógildandi lögum.

3.2 UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2007-2010

Samkvæmt lögum um samgönguáætlun nr. 33/2008 skulu stjórnvöld samþykkja annars vegar samgönguáætlun til fjögurra ára og hins vegar langtímaáætlun til tólf ára. Umferðaröryggisáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2007 til 2010 er hluti af samgönguáætlun fyrir sama tíma og var samþykkt á Alþingi á vorþingi 2007. Þar eru eftirfarandi stefnumið sett fram:

- Að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2016.
- Að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2018.

Með aðgerðum á grundvelli umferðaröryggisáætlunar er stefnt að því að ná ofangreindum markmiðum stjórnvalda um fækkun umferðarslysa. Með öflugra forvarnarstarfi Umferðarstofu á sviði umferðarfræðslu í skólum er stefnt að því að koma í veg fyrir slys á börnum í umferðinni og jafnframt að slík fræðsla stuðli að ábyrgri umferðarhegðun barna til framtíðar og leggi heilbrigðan grunn að þátttöku þeirra í umferðinni.

Fjallað um umferðaröryggi í aðalnámskrá grunnskóla og leikskóla til að ná fram markmiðum umferðaröryggisáætlunar (undir lið 5.2.2, fræðsla og áróður), en þar eru eftirfarandi markmið sett fram:

- Að efld verði gerð kennsluefnis fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.
- Að kennsluefni verði samhæft við það efni um umferðarfræðslu sem Grundaskóli í samvinnu við Námsgagnstofnun og Umferðarstofu, vinnur að.

-
- Að kannað verði hvort og hvernig námsefni lögreglunnar í umferðarfræðslu geti nýst í gerð þessa námsefnis.
 - Að efld verði kennsla um umferðaröryggi og gerð að föstum lið í námskrá grunnskóla og leikskóla.
 - Að ráðinn verði sérfræðingur til Umferðarstofu sem hafi umsjón með umferðarfræðslumálum barna og unglinga.

3.3 FRAMLÖG AF UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN TIL UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM

Til að ná fram markmiðum þeim um fækkun umferðarslysa sem stefnt er að í umferðaröryggisáætlun, sbr. kafli 3.2 hér að framan, var gert ráð fyrir að heildarframlag samgönguráðuneytisins til verkefna á grundvelli umferðaröryggisáætlunar verði kr. 1.763 milljónir yfir tímabilið 2007–2010.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu hafa framlög til umferðarfræðslu í skólum á grundvelli umferðaröryggisáætlunar lækkað á árinu 2009 og enn er óvíst um framlög til málaflokksins fyrir árið 2010.

3.4 KOSTNAÐUR SAMFÉLAGSINS AF UMFERÐARSLYSUM

Árið 2006 gerði verkfræðistofan Línuhönnun skýrslu um kostnað vegna umferðarslysa með styrk frá RANNUM, Rannsóknarráði umferðaröryggismála og Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar (Línuhönnun 2006). Þar kemur fram að frá árinu 1995 nemi kostnaður samfélagsins af umferðarslysum um 21–29 milljörðum íslenskra króna árlega miðað við árið 2005, ef núvirt er með hliðsjón af meðalvísitölu launa árin 1995 og 2005.

Sérfræðingar OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, hafa reiknað út að kostnaður aðildarlandanna vegna umferðarslysa nemi á bilinu 2% til 3% af þjóðarframleiðslu. Innan Evrópusambandsins er grunnkostnaður vegna umferðarslysa metinn til 1.5 milljóna evra eða að meðaltali 2% af þjóðarframleiðslu aðildarlandanna (Evrópusambandið, 2009). Séu þessar tölur notaðar fyrir aðstæður á Íslandi (2% af landsframleiðslu 2008, sem var 1.465 milljörðum króna skv. Hagstofu 2009), fram að kostnaður þjóðfélagsins af umferðarslysum nemur rúmlega 29 milljörðum króna. Þetta er sama upphæð og efri mörk í útreikningum í skýrslu Línuhönnunar benda til .

Í Evrópu eru umferðarslys meginorsök banaslysa einstaklinga á aldrinum 5–24 ára. Áætlað er að fyrir hvern einstakling sem deyr í umferðinni slasist 20 alvarlega auk þess sem 70 manns þurfi að leita sér læknishjálpar vegna umferðarslysa.

Í Bretlandi er tjónakostnaði vegna umferðarslysa skipt í eftirfarandi flokka:

- Læknis- og heilsufarskostnaður.
- Tapaður vinnutími.
- Þjáningar, kvalir og sorg.
- Efnislegt tjón.
- Kostnaður vegna lögregluafskipta og neyðarþjónustu.
- Vátryggingar.
- Kostnaður vegna lögfræðiaðstoðar og rekstar máls fyrir dómi.

(Breska samgönguráðuneytið, Department of transport a).

Starfshópurinn telur að ekki leiki vafi á því að öflug umferðarfræðsla í skólum mun skila sér í fækkun umferðarslysa og þannig megi draga úr því óbætanlega tjón og mannlegum þjáningum sem þau valda.

Ljóst er að fjármunum sem varið er til þessa málaflokks munu skila sér í bættu umferðaröryggi og minni útgjöldum samfélagsins af þeim sökum. Því er til mikils að vinna að efla umferðarfræðslu í skólum þannig að tryggt sé að hún nái til allra barna og unglunga frá leikskólaaldri að 18 ára aldri.

4.0 LAGAUMGJÖRÐ UM UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM

4.1 ÁKVÆÐI UMFERÐARLAGA UM UMFERÐARFRÆÐSLU

Fjallað er sérstaklega um umferðarfræðslu í skólum í 117. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 en þar segir: „Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í grunnskólum. Menntamálaráðherra setur, að fenginni umsögn Umferðarstofu, reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur. Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka kennslu í öðrum skólum”. Grein þessi er efnislega samhljóða 89. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 að því viðbættu að gert er ráð fyrir því að ráðherra geti sett reglur um að umferðarfræðsla nái til fleiri skóla en grunnskóla. Því má segja að þetta ákvæði hafi haldist svo til óbreytt í umferðarlögum í a.m.k. 40 ár.

Almennt ákvæði um umferðarfræðslu eru síðan að finna í d-lið 112. gr. umferðarlaga en þar segir að hlutverk Umferðarstofu sé að annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál. Í 116. gr. umferðarlaga er hlutverk sveitarstjórna í umferðarfræðslu jafnframt skilgreint. Þar segir að sveitarstjórnnum beri að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur er gilda á hverjum stað.

Með lögum nr. 66/1995 um grunnskóla voru málefni grunnskóla flutt yfir til sveitarfélaga. Eftir sem áður setur menntamálaráðuneyti grunnskólum aðalnámskrá, ber ábyrgð á að til séu fullnægjandi námsgögn vegna skyldunáms, og hefur eftirlit með starfsemi grunnskóla. Á heimasíðu Umferðarstofu kemur fram að frá því að grunnskólinn fluttist til sveitarfélaga hafi umferðarfræðsla í grunnskólum landsins ekki verið í föstum skorðum (Umferðarstofa b). Sama sjónarmið kemur fram í dreifibréfi Námsgagnastofnunar (Námsgagnastofnun, 2006).

Þegar málefni grunnskólans voru flutt til sveitarfélaga má leiða að því rök að eðlilegra hefði verið að flytja ákvæði 117. gr. umfl. í lög um grunnskóla í stað þess að hafa það óbreytt á forræði dómsmálaráðherra í umferðarlögum. Reglugerð um umferðarfræðslu nr. 534/1989 var sett á grundvelli 117. gr. umfl. og er að flestu leyti úrelt. Nauðsynlegt er því að fella núgildandi reglugerð úr gildi og er brýnt að samgönguráðuneyti og menntamálaráðuneyti vinni sameiginlega að skipan umferðarfræðslu til framtíðar með það að markmiði að fjallað sé með skýrum hætti um umferðarfræðslu í aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

4.2 Hlutverk Menntamálaráðuneytis í Umferðarfræðslu í Skólum

Alþingi samþykkti vorið 2008 ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem tóku gildi sumarið 2008. Lögin fela í sér umtalsverðar breytingar í leik- og grunnskóla sem m.a. gæti haft áhrif á umferðarfræðslu í skólum, ekki síst þar sem aðalnámskrár þessara skólastiga eru í endurskoðun í kjölfar laganna.

Í grunnskólalögum og leikskólalögum er tekið af skarið með það að menntamálaráðherra hefur forræði yfir allri þeirri kennslu sem fram fer í grunnskólum landsins og ákveður tilhögun kennslunnar. Því þarf að skoða vel í tengslum við endurskoðun umferðarlaga sem nú stendur yfir hvort þörf sé á að hafa hliðstætt ákvæði við 117. gr. umfl. í lögum í endurskoðuðum umferðarlögum.

4.2.1 Lög um grunnskóla

Í 4. gr. laga nr. 90/2008 um grunnskóla segir: „Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til, setur grunnskólum aðalnámskrá, leggur grunnskólum til námsgögn, hefur eftirlit með gæðum skólastarfs, annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga, styður þróunarstarf í skólum og hefur úrskurðarvald í ágreiningsmálum eftir því sem lög þessi kveða á um. Menntamálaráðuneyti hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um. Ráðherra skal á þriggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins sem byggist m.a. á skýrslum sveitarfélaga um skólahald skv. 37. gr.”.

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun, skv. 2. gr. grunnskólalaga. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Samkvæmt markmiðsgreininni skal grunnskóli stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Í 6. gr. laganna er kveðið á um að í hverju sveitarfélagi skuli í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunni að fela henni. Síðan er í 8. gr. kveðið á um að við

grunnskóla skuli starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Sett hefur verið reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Jafnframt er skólastjóri ábyrgur fyrir skólanámskrá sem hver grunnskóli skal gefa út, sbr. 29. gr. laganna.

Segja má að hér hafi verið sett fram afar metnaðarfull markmið sem vafalaust geta komið umferðarfræðslu í skólum til góða.

4.2.2 Lög um leikskóla

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 er barnið, réttindi þess og velferð haft í fyrirrúmi. Lögin skapa samhljóm við löggjöf um önnur skólastig sem skapar skilyrði til að styrkja starf í leikskólum. Tekið er mið af breytingum á fjölskylduhögum, auknum fjölda íbúa sem eiga sér annað móðurmál en íslensku og menningarlegum fjölbreytileika.

Ísland er eitt fárra landa þar sem leikskólastigið hefur verið skilgreint sem sjálfstætt skólastig. Með breyttum þjóðfélags- og atvinnuháttum og fjölskylduhögum hafa leikskólar fengið aukið vægi sem uppeldis- og menntunarstofnanir, en nú sækja 96% þriggja til fjögurra ára barna leikskóla.

Í lögnum er leitast við að tryggja leikskólabörnum sem best náms-, uppeldis- og leikskilyrði sem taki mið af mismunandi þörfum barna og örvi alhliða þroska þeirra. Áhersla er lögð á velferð barna og að hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi. Nýtt ákvæði er um öryggi og slysavarnir í leikskólum og sett verða ákvæði í reglugerð um þau mál.

Samkvæmt 3. gr. laga um leikskóla fer menntamálaráðuneytið með yfirstjórn þeirra mála sem lögin taka til. Hins vegar skal bygging og rekstur leikskóla vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórnar sem ber ábyrgð á framkvæmd laganna.

Samkvæmt markmiðsgrein leikskólalaga (2. gr.) skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi leikskóla. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Einnig skal í leikskóla leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.

Menntamálaráðherra setur leikskólum aðalnámskrá þar sem kveðið er á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, gildi leiksins og meginstefnu varðandi starfshætti og innra

gæðamat (Menntamálaráðuneytið a). Á bls. 27 í aðalnámskrá leikskóla frá 1999 er minnst á umferð, en þar segir: „Leggja þarf áherslu á reglur sem gilda um umferð og að gæta varúðar á götum. Börn þurfa að kynnast umferðinni og læra hegðunar- og umferðarreglur jafnskjótt og þau hafa þroska til. Þetta stuðlar að auknu öryggi þeirra og réttum viðbrögðum í umferðinni.

Skólanámskrá hvers leikskóla á að sýna hvernig skólinn hyggst vinna að þeim uppeldismarkmiðum sem aðalnámskrá setur, hvernig þörfum hvers barns verði mætt og hvernig starfið skuli skipulagt og samþætt. Í skólanámskrá skal taka tillit til aldurs, þroska og þarfa barna og aðstæðna skólans. Umferðarfræðsla í leikskólum er útfærð miðað við aðstæður hvers leikskóla.

Umferðarskólinn „Ungir vegfarendur” er rekinn af Umferðarstofu og fá öll börn á aldrinum þriggja til sjö ára fræðsluefni frá umferðarskólanum sent heim til sín (Umferðarstofa b). Ennfremur hafa leikskólakennarar og lögregluþjónar, í samstarfi við Umferðarstofu, sérstök námskeið fyrir 5 og 6 ára leikskólabörn á hverju vori þar sem farið er yfir öryggisatriði í umferðinni. Þá hefur Umferðarstofa hafið framleiðslu á námsefni fyrir leikskóla í umferðarfræðslu. Námsefnið samanstendur af tveimur flettibókum, brúðu og kennsluleiðbeiningum.

4.3 ÖNNUR LAGAÁKVÆÐI

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, öðru nafni Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var fullgiltur af Íslands hálfu þann 28. október 1992 og öðlaðist gildi hér á landi þann 27. nóvember 1992 (Umboðsmaður barna, 2008).

Í 3. tl. 3. gr. Barnasáttmálans er lögð sú skylda á herðar aðildarríkjum sáttmálans að sjá svo um að allir þjóðfélagshópar (einkum þó börn og foreldrar) eigi aðgang að fræðslu og fái aðstoð við að beita grundvallarþekkingu í slysavörnum.

Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskárinnar segir jafnframt: „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“

Ekki verður á móti mælt að umferðarfræðsla er eitt sterkasta vopn stjórnvalda til að vernda börn gegn slysum en umferðarslys eru enn algengustu slys á börnum þó að úr þeim hafi dregið á seinni árum. Því má leiða að því rök að þessar skuldbindingar stjórnvalda gagnvart börnum geri það enn brýnna en ella að börnum verði tryggð fræðsla um umferðarmál í

skólum þannig að öll börn njóti markvissrar umferðarfræðslu hér á landi allt frá leikskólaaldri og upp í framhaldsskóla.

4.4 LAGARAMMI UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM Í DANMÖRKU

Ekki er ætlunin að fara í samanburð á umferðarfræðslu í skólum í nágrannalöndunum í skýrslu þessari, en bent er á skýrslu dr. Valdimars Briem í því sambandi (Valdimar Briem b). Þó verður stuttlega gerð grein frá málum þessum í Danmörku, en ný lög um grunnskóla tóku þar gildi 1. janúar 2008. Ákvæði um umferðarfræðslu í skólum er að finna í 1. mgr. 7. gr. laganna, en þar segir: „Eftirtaldar námsgreinar eru skyldubundinn hluti af kennslu á grunnskólastigi:

- 1) Umferðarfræði.
- 2) Heilbrigðis- og kynfræði.
- 3) Menntunar-, starfs- og vinnumarkaðsfræði”.

Samkvæmt þessu telst umferðarfræðsla í skólum hluti af almennu námi í Danmörku og hliðstæð kynfræðslu, lýðheilsufræði og fleiri hliðstæðum greinum. Í lögnum er því aðgengi allra barna að tilhlýðilegri fræðslu um umferðarmál tryggt en fyrirkomulag slíkrar kennslu er ekki útlistað nánar í sjálfum lögnum.

Nánari framkvæmd umferðarfræðslu í skólum er í námskrá, sjá nánari upplýsingar á heimasíðu danskra menntamálayfirvalda (<http://www.emu.dk/gsk/fag/fae/index.html>).

Í Danmörku heyrast umferðarmál undir dómsmálaráðuneytið, en það hefur engin afskipti af skipulagi umferðarfræðslu í skólum. Er það alfarið í verkahring menntamálaráðuneytisins að tryggja að slík fræðsla fari fram, enda er litið svo á að umferðarfræði séu ómissandi hluti af almennri fræðslu til að búa nemendur undir þátttöku í nútímalegu, borgaralegu samfélagi. Þess ber einnig að geta að engin ákvæði eru um umferðarfræðslu í skólum í dönsku umferðarlögnum.

5.0 NÚVERANDI FYRIRKOMULAG UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM

5.1 ALMENNT

Fjöldmargir aðilar koma að skipulagi skólastarfs og geta haft áhrif á áherslur í hverjum skóla fyrir sig. Skólar starfa samkvæmt lögum og ramma aðalnámskrár, sem menntamálaráðherra setur, og útfæra markmið aðalnámskrár í skólanámskrá þar sem nánar er tiltekið hvaða leiðir skuli farnar að settum markmiðum.

Meginábyrgð á skipan náms í leik- og grunnskólum er á herðum menntamálaráðherra sem setur skólum aðalnámskrá. Skólanefndir fara með málefni leik- og grunnskóla í umboði sveitarstjórna og bera ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni laga og reglugerða um skólamál. Í lögum um leikskóla og lögum um grunnskóla er skýrt kveðið á um að skólinn starfi í samráði við foreldra og hafa foreldrar rétt til setu í skólanefndum með málfrelsi og tillögurétt. Samkvæmt nýjum lögum um leikskóla skulu vera foreldraráð við alla leikskóla og skólaráð við grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum.

5.2 AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

Ný aðalnámskrá grunnskóla tók gildi 1. ágúst 2007 (Menntamálaráðuneytið, 2007). Hún greinist í þrettán hluta, almennan hluta og tólf greinahluta. Í almenna hlutanum er meðal annars fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan og hlutafallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Í greinahlutum aðalnámskrár eru sett fram meginmarkmið í námi og kennslu, og fjallað um inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum.

Lokamarkmið og áfangamarkmið lífsleikni eru sett fram í námskránni. Lokamarkmið eiga að skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eiga að stefna að. Áfangamarkmiðum er deilt niður á þrjú stig grunnskólans þ.e. 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk. Í námskránni eru einnig birt dæmi um þrepamarkmið sem leiða að því að skólar nái settum áfangamarkmiðum. Skólanámskrá á að sýna nánari útfærslu á þrepamarkmiðum.

5.3 SKÓLANÁMSKRÁ

Í skólanámskrám skal útfæra nánar markmið aðalnámskráa, hvaða leiðir skuli fara að markmiðum og hvernig árangur skuli metinn. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla í lífsleikni

er skólum skylt að skilgreina lífsleikniáætlun og birta í skólanámskrá og hafa fjölmargir skólar útfært slíkar lífsleikniáætlanir. Auk þess eru sett fram fleiri markmið sem tengjast því að nemandi læri ábyrga hegðun, hafi skilning á því hvernig hegðun hefur áhrif á umhverfið og geti tekið ábyrga afstöðu gagnvart áróðri sem hægt er að yfirfæra á umferðarfræðslu.

5.4 NÁMSGREININ LÍFSLEIKNI Í GRUNNSKÓLUM

Umferðarfræðsla í grunnskólum er ein af þeim greinum sem fellur undir námsgreinina lífsleikni sem er sjálfstæð námsgrein og hefur ráðstöfunartíma í viðmiðunarstundarskrá fyrir fjórða til tíunda bekk. Námsgreininni lífsleikni er meðal annars ætlað að auðvelda skólum að verða við kröfum um ýmsa fræðslu sem fellur utan hefðbundinna námsgreina samkvæmt lögum og ýmsum skuldbindingum.

Í aðalnámskrá er þess getið að þótt greinin fái ekki fasta tímaúthlutun fyrr en í fjórða bekk í viðmiðunarstundarskrá þá hefjist kennsla í lífsleikni fyrr þar sem nám yngstu barnanna sé samofið markmiðum sem skilgreina má sem lífsleikninám.

Í 4. bekk verður kennslan greinabundnari og því er talið nauðsynlegt að festa tíma í viðmiðunarstundarskrá til að sinna þessum mikilvæga þætti í skólasterfinu.

Í aðalnámskrá grunnskóla koma eftirfarandi markmið fram varðandi lífsleikni: „Með lífsleikni sem sérstakri námsgrein er verið að svara kalli nútímans um að búa nemandann betur undir að takast á við lífið. Til þess þarf að veita honum tækifæri til aukinnar sjálfsþekkingar svo hann beri kennsl á sterkar og veikar hliðar sínar og beri virðingu fyrir sjálfum sér.“ Og enn fremur: „Lífsleikni gefur dýrmætt tækifæri til þess að efla félagsþroska nemenda og borgaravitund. Fengist er við þætti sem tengjast því að vera þátttakandi í lýðræðislegu þjóðfélagi, s.s. jafnrétti, réttindi, skyldur og ábyrgð, mannréttindi, umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu.“ (bls. 4). Ekki verður séð að umferðarfræðsla í skólum falli beint að þessum markmiðum þar sem um er að ræða fræðslu sem getur skipt sköpum um líf og dauða. Í því samhengi fellur eftirfarandi skilgreining á einu af markmiðum lífsleikni betur að námi í umferðarfræðslu: „Um er að ræða viðfangsefni sem oft á tíðum eru sótt í nánasta umhverfi nemandans og hann þarf að glíma við í daglegu lífi. Nefna má forvarnir og slysavarnir.“ (bls. 6).

5.4.1 Áfangamarkmið við lok fjórða bekkjar grunnskóla

Í kaflanum um áfangamarkmið í lífsleikni aðalnámskrár við lok 4. bekkjar (samfélag, umhverfi, náttúra og menning) kemur fram að nemandi eigi að:

- Kunna skil á umferðarreglum fyrir gangandi vegfarendur.
- Þjálfast í notkun reiðhjóls sem leiktækis á leiksvæðum og stígum og kunna skil á umferðarreglum sem gilda um hjólandi vegfarendur.
- Geta bent á slysagildirur í umhverfinu, í umferðinni og á heimilum og þekktja varasöm efni sem þar kunna að vera geymd.
- Geta leitað eftir upplýsingum og leiðbeiningum til að rata um umhverfi sitt, t.d. munnlegum fyrirmælum eða vegvísunum.

Eins og að framan er getið er ekki gert ráð fyrir sérstökum tíma í aðalnámskrá 1. – 4. bekkjar í lífsleikni til að auðvelda nemendum að ná fram þessum markmiðum.

5.4.2 Áfangamarkmið við lok sjöunda bekkjar grunnskóla

Í kaflanum samfélag, umhverfi, náttúra og menning í áfangamarkmiðum í lífsleikni við lok 7. bekkjar er stefnt að því að nemandi „Hafi tileinkað sér helstu umferðarreglur og þekki helstu umferðarmerki.” Í 4.–7. bekk grunnskóla er ein kennslustund á viku ætluð til kennslu í öllum greinum lífsleikni.

5.4.3 Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar grunnskóla

Lokamarkmið í lífsleikni í grunnskóla sem tengjast umferðarfræðslu eru að nemandi:

- Hafi öðlast samfélagslega yfirsýn sem geri honum kleift að skilja og virða reglur samfélagsins.
- Sé meðvitaður um ýmsar hættur og slysagildirur í umhverfi sínu og rétt viðbrögð við þeim, svo sem í umferðinni, á heimilum og í tengslum við hamfarir í náttúrunni.
- Sé meðvitaður um nauðsyn ábyrgrar hegðunar í umferðinni.

Engar leiðbeiningar eru að finna að öðru leyti um það hvernig skólum er ætlað að ná fram þessum markmiðum, eins og bent er á í skýrslu Valdimars Briem um umferðarfræðslu (Valdimar Briem a:24). Á vegum Grundaskóla er nú unnið að gerð handbókar fyrir umferðarfræðslu í skólum og er áætlað að útgáfa verði haustið 2009. Ekki er vafi á að útgáfa handbókarinnar verður mikil lyftistöng fyrir þá aðila sem falið er að miðla umferðarfræðslu til barna og unglinga á grunnskólastigi.

5.5 UMFERÐARFRÆÐSLA SEM VALGREIN Í 8.–10. BEKK GRUNNSKÓLA

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Ætlast er til samkvæmt grunnskólalögum að í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla sé nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra og forráðamenn, kennara og námsráðgjafa.

Skólar skulu gera grein fyrir tilhögun valgreina í skólanámskrá að fengnu samþykki sveitarstjórnar og kynna nemendum og foreldrum og forráðamönnum. Þar skal skilgreina markmið valgreina sem boðnar eru fram, leggja fram kennsluáætlanir, yfirlit yfir námsefni og ákvarðanir um námsmat. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku t.d. í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. við tónlistarskóla og málaskóla enda njóti námið viðurkenningar.

Ætla má að áhugi nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á umferðarmálum sé talsverður og með áhugaverðri uppsetningu á umferðarfræðslu sem valgrein er hægt að koma til móts við óskir þeirra sem hafa áhuga á frekari fræðslu um umferðarmál í efstu bekkjum grunnskóla.

5.6 UMFERÐARFRÆÐSLA Í FRAMHALDSSKÓLUM

Þó að skýrslu þessari sé einkum ætlað að fjalla almennt um umferðarfræðslu í leik- og grunnskólum og koma með tillögur til að efla þá kennslu, má leiða rök að því að umferðarfræðsla á fyrstu tveimur árum í framhaldsskóla sé ekki síður mikilvæg, en á þeim árum leggja margir nemendur grunn að ökunámi sínu og akstri ökutækis. Áhersla skal þó lögð á að hér er ekki um eiginlegt ökunám að ræða.

Enn sem komið er leggur meirihluti ungmenna stund á ökunám meðan á framhaldsskólanámi stendur. Talsvert miklar kröfur eru gerðar í ökunámi og því er ekki óeðlilegt að þetta nám verði metið til eininga í framhaldsskólum og verði þannig valkvæður hluti af því námi, enda hafa flestir ökukennarar sérhæft kennaranám á háskólastigi að baki (Samgönguráðuneytið b).

Aðalnámskrá framhaldsskóla í lífsleikni frá árinu 1999 gerir ráð fyrir þremur þáttum sem tengja má umferðarfræðslu ungmenna við ökuleyfisaldur, þ.e. a) neytandinn í samfélaginu, b) maðurinn og vistkerfið og c) ferlimál og samgöngur (Menntagátt).

Augljóst er að framhaldsskólarnir eru misjafnlega vel í stakk búnir að sinna þessari fræðslu en í námskránni frá 1999 segir: „Mikilvægt er að skólar nýti sér samstarf við félög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í útfærslu á einstökum lífsleikniáföngum. Á þann hátt nýtir skólinn sér reynslu sem býr í þjóðfélaginu og miðar að aukinni mannrækt og lífsleikni einstaklinga. Þetta samstarf getur verið í formi opinna fyrirlestra, verkefnaáfanga o.s.frv.“(8).

Í námskránni kemur fram að meginhugmynd lífsleikninnar sé einstaklingur í umhverfinu. Viðfangsefni greinarinnar geta þannig greinst í tvennt. Annars vegar eru það viðfangsefni sem beinast inn á við og eiga að efla með nemendum jákvæð viðhorf til þess að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk og jafnvægi, jafnframt því að efla félagsþroska þeirra, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Hins vegar eru það viðfangsefni sem beinast út á við og eiga að leitast við að styrkja áræði nemandans, frumkvæði, sköpunargáfu og aðlögunarhæfni til að takast á við kröfur og áskoranir í daglegu lífi.

Meðal námsmarkmiða námskrárinnar er að námsmaður verði meðvitaður um ábyrgð sína sem neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi (12). Þessi þáttur felur augljóslega í sér umræðu um ökutækið sem neysluvöru og kostnað sem því fylgir að reka það. Lögð er áhersla á að nemandi þroski með sér eftirfarandi þætti:

- Skilning á mikilvægi vistfræðilegs jafnvægis.
- Skilning á hnattrænu samhengi vistkerfis jarðar.
- Vitund um stöðu og ábyrgð sína gagnvart vistkerfi jarðar (13).
- Velti fyrir sér stöðu sinni sem einstaklingi í samhengi við manngert og náttúrulegt umhverfi; það felur m.a. í sér að nemandinn eflist í trúnni á að framlag hans sé einhvers virði, að hann sjálfur fái miklu áorkað í baráttunni fyrir bættu umhverfi (16).

Hér er fjallað um mengunarmál, hlýnun jarðar, mengunarvalda og í þessu samhengi t.a.m. umferðarmannvirki og áhrif þeirra á umhverfið. Við þetta má bæta að nemandi þroski með sér vitund um mikilvægi öruggra, hagkvæmra og vistvænna samgangna í nútímasamfélagi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Jafnframt getur þetta samstarf falið í sér vettvangsheimsóknir m.a. í forvarnarhús, aksturskennslusvæði, bráðamóttöku o.s.frv.

Á síðustu árum hefur þessi þáttur orðið brýnni, ekki síst í þéttbýli með auknum umferðarpunga. Mikilvægt er að skólar stuðli að því að nemandinn sjái aðra valkosti sem samgöngumáta en einkabílinn og augljósa kosti þess að efla vistvænar samgöngur.

Í 4. gr. reglugerðar um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997 er hlutverk skólanefnda skilgreint. Þær skulu m.a. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestum tengslum hans við atvinnu- og menningarlíf. Þar kemur m.a. umferðarfræðsla til álita og það hlutverk skólanefnda að útfæra frekar umferðarfræðslu í framhaldsskólum.

Telja verður að á grundvelli núgildandi námsskrár og með væntanlegum breytingum á námskrá séu miklir möguleikar til að útfæra ofangreind markmið nánar m.t.t. umferðarfræðslu.

5.7 MÓÐURSKÓLI Í UMFERÐARFRÆÐSLU

Með samningi Umferðarstofu við Grundaskóla á Akranesi dags. 28. nóvember 2005 var skólinn gerður að móðurskóla á sviði umferðarfræðslu hér á landi.

Markmið samningsins er að efla umferðarfræðslu í skólum og fækka þannig umferðarslysum með markvissri fræðslu. Helstu verkefni samkvæmt samningnum eru:

- Að Grundaskóli verði opinberlega móðurskóli á sviði umferðarfræðslu á Íslandi.
- Að uppbygging umferðarfræðslu í Grundaskóla verði öðrum skólum til eftirbreytni.
- Að verkefnisstjóri og hópur kennara á vegum Grundaskóla vinni að verkinu sameiginlega.
- Að samþætta kennslu við ýmsar aðrar námsgreinar, svo sem eðlis- og stærðfræði, myndmennt og annað.

Í könnun sem unnin var af Umferðarstofu og Grundaskóla í desember 2007 (Grundaskóli Akranesi) kemur fram að umferðarfræðsla í grunnskólum hefur eflst á allra síðustu árum í kjölfar samstarfssamnings Umferðarstofu, Námsgagnastofnunar og Grundaskóla. Ef niðurstöður umræddrar könnunar eru bornar saman við könnun Benedikts Sigurðarsonar frá árinu 2000 kemur fram að þá var umferðarfræðslu aðeins sinnt að einhverju leyti í þriðjungu grunnskóla (Benedikt Sigurðarson, 2002) Í könnuninni nú kemur fram að 74% svarenda telja umferðarfræðslu vera sinnt í grunnskólum. Einnig kemur fram samkvæmt sömu könnun að umferðarfræðslu er getið í skólanámskrá 47% skóla. Af þessum niðurstöðum má sjá að verulegur árangur hefur náðst í útbreiðslu umferðarfræðslu í grunnskólum á allra síðustu árum.

Í ársskýrslu samráðshóps um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar fyrir árið 2007 kemur fram að í árslok 2007 hafi 33 grunnskólar þegar sótt sérstakt námskeið í umferðarfræðslu (Umferðarstofa b:10).

6.0 SKIPAN UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM TIL FRAMTÍÐAR

6.1 ALMENNT

Umferðarfræðsla í skólum landsins á sér nokkuð langa sögu og hefur skilað ungmennum betur undirbúnum út í umferðina til að takast á við hættur sem leynast þar. Engu að síður má gera betur á mörgum sviðum og því setur starfshópurinn fram eftirfarandi tillögur og hugmyndir um frekari útfærslu á umferðarfræðslu í skólum landsins.

6.2 UMFERÐARFRÆÐSLUDEILD/SVIÐ UMFERÐARSTOFU

Árið 2002 sameinuðust Umferðarráð og Skráningarstofa þegar sett var á stofn Umferðarstofa. Umferðarfræðsla í skólum er eitt af verkefnum umferðaröryggissviðs Umferðarstofu en Umferðarstofa gegnir margháttaðu hlutverki í tengslum við ökutæki, svo sem skráningu, ökunámi og ökuþrófum, slysaskráningu, umferðarfræðslu og fleira eins og skýrslur stofnunarinnar bera með sér (Umferðarstofa c).

Reynsla af núverandi tilhögun þessa málaflokks bendir ekki til að hún hafi skilað sér í auknu öryggi barna í umferðinni enda sjálfsagt erfitt um vik þegar svo víðfeðmt starf fer fram á vettvangi umferðaröryggissviðs sem raun ber vitni.

Til að samhæfa betur það starf sem unnið er að á sviði umferðarfræðslu er æskilegt að í nýjum umferðarlögum verði kveðið á um að umferðarfræðsludeild Umferðarstofu verði eflað eða að starfrækt verði sérstakt umferðarfræðslusvið á vegum Umferðarstofu sem hafi m.a. eftirfarandi verkefni með höndum:

- Að vera tengiliður umferðaröryggisyfirvalda við skóla vegna umferðarfræðslu í skólum.
- Að hafa milligöngu um gerð námsefnis í samvinnu við Námsgagnastofnun eða aðra aðila til kennslu í grunnskólum landsins.
- Að hafa yfirumsjón með gerð námsefnis til kennslu í leikskólum og skipuleggja námið.
- Að vera tengiliður við fyrirtæki/samtök/stofnanir sem vilja leggja umferðaröryggismálum barna lið.
- Að vera tengiliður við umferðarfulltrúa í skólum og miðla upplýsingum.

-
- Að vera tengiliður við lögreglustjóra vegna skipulagningar á umferðarfræðslu lögreglunnar í skólum.
 - Að semja við aðila sem lent hafa í alvarlegum umferðarslysum að fara á fundi og segja frá lífsreynslu sinni og hvað beri að varast.
 - Að undirbúa og hafa yfirumsjón með átaksverkefnum í umferðinni, td. að undirbúa árlegt umferðaröryggisáttak á haustin þegar skólar hefjast og aðstoða við gerð umferðaröryggisáætlana grunnskóla.
 - Að eiga samstarf við og skiptast á upplýsingum við umferðaröryggisstofnanir í nágrennalöndunum.

Með tilliti til þeirrar mikilvægu starfsemi sem umferðarfræðsludeild/umferðarfræðsluviði Umferðarstofu er ætlað að sinna hlýtur að vera eðlilegt að gerð sé krafa um að forstöðumaður sviðsins hafi uppeldis- eða kennaramenntun.

6.3 MIKILVÆGI FJÖLBREYTNÍ UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM

Við gerð námsefnis og útfærslu á umferðarfræðslu í skólum er vert að líta til þess hvernig tengja megi námið öðrum námsgreinum. Sem dæmi má nefna að tilvalið er að tengja eftirtaldar námsgreinar við umferðarfræðslu í skólum:

- Umhverfismennt.
- Stærðfræði.
- Eðlisfræði.
- Íþróttir.
- Samfélagsgreinar.
- Myndmennt.
- Lífsleikni.

Hvetja ætti skóla til að huga sérstaklega að þessu samspili sem getur þýtt að mögulegt er að kenna fleiri en eina grein á sama tíma.

Á undanförunum árum hefur hugtakið „útiskóli“ fengið stærra hlutverk en áður. Eins og hugtakið ber með sér er gert ráð fyrir að nám fari fram utan dyra. Svo dæmi sé tekið má segja að Vinnuskóli Reykjavíkur sé útiskóli en skólinn starfar allt árið. Á veturna fer fram atvinnutengt nám og á sumrin tekur við útivinna nemenda þar sem fléttað er saman fræðslu

sem snýr að breiðum lífsleikniþáttum, svo sem fræðslu um samgöngur og fleira, en segja má að umferðarfræðsla í skólum falli einkar vel að námi í útiskóla.

Í því sambandi er vert að benda á að í Grundaskóla hefur eldri nemendum verið falið að fara í vettvangsgöngur með yngri nemendum í því skyni að þau læri „réttu hegðun“ í umferðinni og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Við endurskoðun umferðarfræðslu í skólum er sjálfsagt að líta til þess möguleika að umferðarfræðsla fari að hluta til fram utandyra og að auk kennara leiðbeini foreldrar og aðrir sjálfboðaliðar og ennfremur eldri nemendur þeim yngri þegar því verður við komið.

6.4 BREYTTUR SAMGÖNGUMÁTI OG UMFERÐARFRÆÐSLA Í SKÓLUM

Í skýrslu WHO, Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, „Young People’s Health in Context. Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) study: International Report from the 2001/2002 survey,“ var heilsufar barna á aldrinum 11, 14, og 15 ára rannsakað í 35 aðildarlöndum WHO (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO 2002). Þar kom fram að mikill brestur sé á því í hinum vestræna heimi að börn fái nægilega líkamlega hreyfingu. Í skýrslunni er talið æskilegt að börn hreyfi sig að minnsta kosti eina klukkustund á dag fimm eða fleiri daga vikunnar. Í ljós kom að minna en helmingur þeirra sem spurðir voru náðu þessum markmiðum. Ein af ástæðum þessa er að með síauknum umferðarþunga á undanförunum árum hefur gangandi vegfarendum í sumum tilfellum verið gert erfitt fyrir að komast á milli staða. Þetta hefur leitt til þess að börnum er ekið í og úr skóla í stað þess að þau fari þangað á eigin vegum, gangandi, hjólandi eða með almenningsvögnum.

Nú er markvisst unnið að því að minnka notkun einkabílsins og breyta þessari þróun í átt til vistvænna samgangna. Það mun leiða til þess að börn og unglingar verði virkari þátttakendur í umferðinni sem kallar á aukna fræðslu til þeirra um umferðaröryggi.

Liður í umferðarfræðslu í skólum er að hvetja grunn- og framhaldsskólanema til að skoða kosti mismunandi leiða til að komast á milli staða og auka þannig líkamlega áreynslu sem er árangursríkasta baráttuáðferðin gegn offitu og sjúkdómum henni tengdum. Í þessu sambandi má geta þess að rannsóknir víða erlendis benda til að útblástur frá ökutækjum sé einn af orsakavöldum aukningar á astmatilfellum í börnum.

Jafnframt þarf að greina hættur ólíkra samgöngumáta og fræða börn um þær. Með öruggu, virku og aðgengilegu samgöngukerfi sem hvetur til notkunar á almenningssamgangna, hjólreiða og göngu í stað óþarfrar notkunar á einkabílum má slá margar flugur í einu höggi. Börn eru móttækileg fyrir nýjungum og því þarf að kynna þeim ólíka samgöngumáta, kosti þeirra og galla.

„Jafnrétti“ milli ólíkra samgöngumáta er krafa dagsins og því þarf að koma á framfæri við ungu kynslóðina í tengslum við umferðarfræðslu í skólum sem er kjörinn vettvangur til þess.

6.5 UMFERÐARFULLTRÚAR Í SKÓLUM

Til að stuðla að framgangi umferðarfræðslu í skólum er æskilegt að umferðarfulltrúar verði tilnefndir í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins. Hlutverk þeirra verði að samræma umferðarkennslu í viðkomandi skóla og vera tengiliðir við yfirvöld og félagasamtök í málum sem varðar umferðarfræðslu og umferðaröryggi nemenda. Að öðru leyti þarf að skilgreina hlutverk umferðarfulltrúa, þjálfun sem þeir fá og greiðslu fyrir starfið. Tekið skal fram að hér er átt við hlutastarf starfsmanns í hverjum skóla.

6.6 UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN Í GRUNNSKÓLUM

Víða erlendis, ekki síst á Norðurlöndunum, er grunnskólum gert að útbúa umferðaröryggisáætlanir sem nemendur eru virkir í að móta. Í þeim kemur fram almenn stefnumörkun viðkomandi skóla í umferðaröryggismálum, nánasta umhverfi skólans greint og hvað nemendur beri að varast, að því er umferð varðar, til að tryggja öryggi þeirra til og frá skóla og meðan á skólatíma stendur.

Segja má að lífsleikniáætlun grunnskóla sé í raun ígildi umferðaröryggisáætlunar, en vert er að skoða þann möguleika að umferðaröryggisáætlanir séu útfærðar á grundvelli sjálfstæðrar áætlunar um umferðaröryggi viðkomandi skóla sem endurnýjuð er á hverju hausti. Vitanlega myndi lífsleikniáætlun hafa þar mikið vægi en áhersla er lögð á að hér sé um sjálfstætt verkefni að ræða.

Í þessu sem öðrum slíkum verkefnum er brýnt að skólum sé gert að senda viðkomandi áætlanir frá sér og einhvers konar úttekt sé gerð á efni þeirra og hvort þeim sé framfylgt. Tilvalið er að veita viðurkenningu árlega til þeirra skóla sem skara fram úr í gerð slíkra áætlana og framfylgja þeim á réttan hátt.

Umferðarfræðsluviði/umferðaröryggisviði Umferðarstofu verði jafnframt falið að halda utan um umferðaröryggisáætlanir grunnskóla og að skólar fái þar aðstoð við gerð slíkra áætlana.

Einnig kæmi til greina að efnt yrði árlega til samkeppni um bestu umferðaröryggisáætlun grunnskóla og myndi það eflaust hvetja skóla og nemendur til dáða á því sviði.

6.7 HLUÐVERK LÖGREGLU Í UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM ENDURSKILGREINT

Á umliðnum árum hefur lögreglan gegnt mikilvægu hlutverki í umferðarfræðslu leik- og grunnskólabarna. Samkvæmt reglugerð nr. 534/1989 er fræðsluyfirvöldum gert að leita samvinnu við lögreglustjóra vegna umferðarfræðslu í skólum.

Þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði undanfarin ár og hefur gefist vel en í skýrslu Benedikts Sigurðarsonar um umferðarfræðslu í skólum (Benedikt Sigurðarson, 2002, 58–59) kemur fram að lögreglan hefur kvartað undan því að fá ekki markvissan undirbúning fyrir verkefnið. Einnig er þar bent á að verkefni þetta sé gjarnan skorið niður fyrst þegar fjármagn er takmarkað. Hins vegar er þetta oft á tíðum eini formlegi umferðarfræðsluþátturinn og því er æskilegt að tryggja að þessi umferðarfræðsla haldi áfram í skólum landsins.

Til grundvallar slíku starfi er eðlilegt að gerður verði samningur við embætti Ríkislögreglustjóra um framkvæmd þess á grundvelli umferðaröryggisáætlunar. Þar yrðu skilgreind þau verkefni sem lögreglan myndi sinna og tryggja þannig að þau skarist ekki við aðra umferðarfræðslu í skólum. Jafnframt yrði leitast við að samþætta fræðsluefni lögreglunnar við það efni sem skólarnir nota í umferðarfræðslu eins og lagt er til í umferðaröryggisáætlun.

6.8 AÐ RÖDD BARNNA HEYRIST

Í málefnum umferðarfræðslu barna er sérstaklega mikilvægt að fá fram sjónarmið þeirra sem málið varðar, þ.e. barnanna sjálfra.

Hvaða skoðun hafa börn á tilhögun umferðarfræðslu, hafa þau hugmyndir sem leitt geta til markvissari umferðarfræðslu? Þar sem umferðarfræðsla í skólum er samþætt námssvið, sem snertir margar námsgreinar, sbr. kafla 6.3, er næsta víst að margir möguleikar eru fyrir hendi til að ná markmiðum sem sett eru í kennslu í umferðarfræðslu í skólum. Því er algengt erlendis að börn fái tækifæri til að tjá sig um þessi mál og hvað þau telji að skili mestum árangri. Oft sjá börn það sem hinir fullorðnu sjá ekki.

Í þessu sambandi að vert að minna á ákvæði 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en þar segir að börn eigi rétt á að segja skoðun sína í öllum málum er þau varða og ber hinum fullorðnu að taka réttmætt tillit til skoðana þeirra með hliðsjón af aldri þeirra og þroska. Mikilvægt er að nýta sér reynsluheim barna á umferðarsviðinu og gera þau þannig að virkari þátttakendum í því mikilvæga verkefni að auka umferðaröryggi og fækka slysum.

6.9 HLUÐVERK FORELDRA/FORRÁÐAMANNA Í UMFERÐARFRÆÐSLU BARNNA VERÐI SKILGREINT

Ábyrgð foreldra á að uppfæða börn sín um umferðarmál og hvernig öryggi þeirra er best borgið í umferðinni er mikil. Í þessu efni er samstarf heimilis og skóla afar mikilvægt. Athugandi er að koma á þjálfunarnámskeiðum fyrir foreldra í umferðarfræðslu og einnig að miða kennslufni við að foreldrar tileinki sér það og noti við að kenna börnum umferðarreglur og almenna umferðarhegðun.

Í Finnlandi fá foreldrar barna kerfisbundið fræðslufni um umferðarmál sem þeim er ætlað að nota til að uppfæða börn sín um rétta hegðun þeirra í umferðinni. Hér á landi mætti hugsa sér að foreldrar fengju slíkt efni við upphaf skólagöngu barna sinna og síðan aftur við 10 til 12 ára aldur þeirra.

Mikilvægt er að börn séu þjálfuð í umferðinni sjálfri eins og bent er á í kafla 6.3 hér að ofan. Á vegum breska samgönguráðuneytisins er afar áhugavert verkefni í gangi, svokallað „Kerbcraft Child Pedestrian Training Project” (sjá nánar á vefslóðirnar: <http://www.kerbcraft.org/> og <http://www.dft.gov.uk/pgr/roadsafety/child/childrdsafetystrategy2007?page=7>) en það gengur út á að þjálfaðir sjálfboðaliðar, aðallega foreldrar, koma í skólana og kenna fimm til sjö ára börnum út í umferðinni rétta umferðarhegðun á þremur sviðum, þ.e. að átta sig á því hvar þau eru örugg í umferðinni, að fara yfir götu milli tveggja kyrrstæðra bifreiða og að fara yfir götu við gatnamót. Reynslan í Bretlandi hefur sýnt að umferðarfræðsla á vettvangi er í mörgum tilfellum árangursríkari en bókleg fræðsla.

6.10 UNDIRBÚNINGUR KENNARA FYRIR UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM

Umferðarfræðsla hefur til þessa ekki verið skipulögð í grunnnámi og í endurmenntun kennara, hvorki í leik- né grunnskólakennaranámi þrátt fyrir ákvæði í reglugerð og er brýnt að úr verði bætt til að efla færni kennara í að sinna umferðarfræðslu í skólum.

Ekki er heldur að finna í námskrám háskóla, sem hafa námsbrautir í leikskólakennarafræðum útfærslu á umferðarfræðslunámi kennaranema.

Eins og fram kemur í tillögum ráðgjafanefndar Umferðarráðs um námsefni (Einar Guðmundsson ofl.1998:19), þá er mikilvægt að kjarni námsefnis á hverju námsstigi verði sett í handbók fyrir kennara sem inniheldur kennsluleiðbeiningar, verkefnaþöð, glærur, tölvuefni og annað sem varðar umferðarfræðslu. Í framangreindri skýrslu er notað hugtakið „umferðarfræði“ og er spurning hvort nota skuli það hugtak í sambandi við undirbúning kennaranema til kennslu á því sviði. Í þessu sambandi er þó vert að nefna að hugtakið er m.a. notað við kennslu á stór ökutæki og hefur aðra merkingu þar en hér.

6.11 UMFERÐARÖRYGGISMÁL BARNNA Á SÉRSTAKRI VEFSÍÐU

Umferðarfræðsla í skólum er í eðli sínu alþjóðlegt málefni, það sem lærist á einum stað kemur að gagni annars staðar þar sem umferðarreglur eru að mestu leyti samræmdar, ekki síst fyrir tilstilli starfsemi umferðardeildar UNECE, Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, sem hefur aðsetur sitt í Genf, Sviss.

Í nágrennalöndum okkar er undantekningalaust hægt að nálgast fjölbreyttar upplýsingar á netinu um allt sem varðar örugga umferð. Þar er enn fremur að finna mikinn fróðleik um umferðaröryggi barna og kennsluefni fyrir þau í umferðarfræðslu. Vefnum www.umferd.is er haldið úti af Umferðarstofu, Grundaskóla og Námsgagnastofnun og er Grundaskólaverkefnið þar fyrirferðarmest. Mikilvægt er að þróa þennan vef enn frekar og bæta almennum upplýsingum um umferðarmál við vefinn þannig að þangað megi sækja allar upplýsingar sem varðar umferð og fræðslu þar um.

Erlendis er slíkum upplýsingum haldið úti með miklum myndarbrag oft á tíðum og mætti hafa eftirtalda vefi til hliðsjónar við endurgerð www.umferd.is:

- www.sikkertrafik.dk er danskur, almennur umferðaröryggisvefur sem er algerlega aðskilinn frá www.færdelsstyrelsen.dk en það er stofnun sambærileg Umferðarstofu hér á landi.
- www.tryggetrafikk.no er norskur, almennur umferðaröryggisvefur og er ætlað að þjóna þeim tilgangi að vera tengiliður milli opinberra aðila og frjálsra félagasamtaka.

-
- www.rosipa.com er breskur vefur sem rekinn er af samtökunum *Royal Society for the Prevention of Accidents* sem eru frjáls slysavarnasamtök er halda úti fróðlegri heimasíðu um allt sem varðar börn og umferð.
 - www.thinkroadsafety.gov.uk/ er vefur breska samgönguráðuneytisins um allt sem varðar umferðaröryggsmál með sérstakri áherslu á börn og unglunga. Þar geta blaðamenn, foreldrar og kennarar nálgast mikið magn kennsluefnis og upplýsinga um umferðaröryggi barna.
 - www.aktiveskolebarn.no er samstarfsverkefni félagsmála- og heilbrigðisráðuneytanna, Vegagerðarinnar, lögreglu og Trygg Trafikk í Noregi. Tilgangur með vefnum er að hvetja börn til að ferðast í og úr skóla á öruggan hátt.
 - www.trafiksjov.dk er danskur vefur fyrir yngstu vegfarendurna (að 8 ára aldri) með ýmsum leikjum sem ætlað er að þjálfa börnin í réttri umferðarhegðun. Vefurinn er rekinn af Rådet for større Færdselssikkerhed og danska samgönguráðuneytinu.
 - www.trafficclub.co.uk er forvitnilegur breskur vefur ætlaður börnum á leikskólaaldri.
 - www.3m.com/intl/uk er breskur vefur sem fjallar um öryggismál barna og er gerður að frumkvæði kennara á Bretlandi í samstarfi við nokkur fyrirtæki.
 - <http://www.kidsandtraffic.mq.edu.au/> er ástralskur umferðaröryggisvefur fyrir yngri börnin, sem starfræktur er í samstarfi við umferðaryfirvöld og ástralskan háskóla (Macquarie University).

7.0 Próun og gerð námsefnis

Vorið 2007 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 71/2007 um námsgögn. Í 1. grein laganna segir að markmið þeirra sé að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Jafnframt er kveðið á í lögnum um ábyrgð og stuðning ríkisins við þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og um öflun námsgagna fyrir grunnskóla.

Í 2. gr. laganna er kveðið nánar á um í hverju ábyrgð og stuðningur ríkisins skv. 1. gr. laganna feli í sér sem er eins og hér segir:

- a. Rekstur Námsgagnastofnunar, sem leggur grunnskólum til námsgögn.
- b. Fjárframlög til námsgagnasjóðs, sem úthlutar fé til grunnskóla til kaupa á námsgöngum.
- c. Fjárframlög til þróunarsjóðs námsgagna, sem styrkir nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Í 6. gr. laganna kemur fram að hlutverk námsgagnasjóðs sé að leggja grunnskólum fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Framlög til námsgagnasjóðs eru ákveðin á fjárlögum ár hvert.

Í ljósi þess að viðvarandi skortur hefur verið á aðgengilegu námsefni til notkunar í umferðarfræðslunámi í skólum er mikilvægt að þróunarsjóður námsgagna styrki verkefni sem tengjast umferðarfræðslu. Í því sambandi væri gagnlegt að gera heildaráætlun um námsefnisgerð í umferðarfræðslu í skólum fyrir grunnskólann. Slík áætlun þarf að byggjast á nákvæmri þarfagreiningu miðað við áfangamarkmið lífsleikni.

Umferðarstofa, Námsgagnastofnun og Grundaskóli gætu hugsanlega auglýst styrki til námsefnisgerðar á sviði umferðarfræðslu í skólum.

Við ákvörðun um tilhögun umferðarfræðslu í skólum og gerð námsefnis gæti verið gagnlegt að líta til nágrannalanda okkar og kynnast því hvernig staðið er að gerð námsefnis á sviði umferðarfræðslu.

Heimildaskrá

Benedikt Sigurðarson. *Umferðarfræðsla í skólum*. RANNUM. Reykjavík 2002.

Dómsmálaráðuneytið. *Skýrsla starfshóps sem skipaður var af dómsmálaráðherra til að fara yfir nágildandi umferðarlöggjöf, umferðarlögin og reglugerðir samkvæmt þeim*. 2001.

Einar Guðmundsson, Jóhann Örn Héðinsson, Sigurður Þorsteinsson, Tryggvi Jakobsson, Þóra Guðmundsdóttir, Guðmundur Þorsteinsson. *Umferðarfræðsla. Tillögur ráðgjafarnefndar Umferðarráðs um námsefni til umferðarfræðslu*. Reykjavík 1998.

Eiríkur Hreinn Helgason, Guðni Olgeirsson, Guðrún Þórsdóttir, Magnús V. Magnússon og Guðmundur Þorsteinsson. *Umferðarfræðsla í skólum – Tillögur ráðgjafarnefndar Umferðarráðs um stefnumörkun og framtíðarsýn*. Reykjavík, nóvember 1998.

Grundaskóli Akaranesi. *Umferðarfræðsla í grunnskólum – könnun 2007*. Desember 2007.

Línuhönnun verkfræðistofa, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Haraldur Sigþórsson og Þórólfur Nielsen. *Kostnaður umferðarslysa eftir alvarleika*. Skýrsla gerð með styrk frá RANNUM og framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar. 2006.

Menntamálaráðuneytið a. *Aðalnámskrá grunnskóla – lífsleikni*. Reykjavík, 2007.

Samgönguráðuneytið a. *Áfangaskýrsla starfshóps um tilhögun umferðarfræðslu í skólum*. Reykjavík 2008.

Samgönguráðuneytið b. *Niðurstöður starfshóps samgönguráðherra um ökukennslu, ökuþróf, starfsleyfi ökukennara og starfsleyfi ökuskóla*. Reykjavík. 2008.

Umferðarstofa a. *Ársskýrsla samráðshóps um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar fyrir árið 2007*.

Valdimar Briem a. *Öryggi barna í umferðinni: Slyss og fræðsla*. Skýrsla styrkt af RANNUM. Reykjavík. 2006.

Valdimar Briem b. *Umferðarfræðsla í skólum*. Skýrsla gerð fyrir Umferðarstofu. Reykjavík 2008.

Af netinu

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, 2002. “*Young people’s health in context. Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) study: international report from the 2001/2002 survey*”. Sótt af netinu 04.12.07:

http://www.euro.who.int/InformationSources/publications/catalogue/20040601_1

Breska samgönguráðuneytið (Department of Transport) a. *Highways Economics Note No. 1. 2005 Valuation of the Benefits of Prevention of Road Accidents and Casualties*. Janúar 2007. Sótt af netinu 21.11.08.

<http://www.dft.gov.uk/pgr/roadsafety/ea/pdfeconnote105.pdf>

Breska samgönguráðuneytið (Department of Transport) b. *Kerbcraft Child Pedestrian Training Project*. Sótt af netinu 25.05.09:

<http://www.dft.gov.uk/pgr/roadsafety/child/childrdsafetystrategy2007?page=7>

EMU (Educational Meeting Universe). *Rafrænar upplýsingar um lagaramma umferðarfræðslu í skólum í Danmörku*. Sótt af netinu 24.08.08:

<http://www.emu.dk/gsk/fag/fae/index.html> .

Evrópusambandið, 2009. „Measure 47: 3rd European Road Safety Action programme”. Sótt af netinu 03.04.09:

<http://www.isis-it.net/indic/measure47.pdf>.

Grundaskóli, 2007. *Tillögur að fyrirkomulagi umferðarfræðslu*. Sótt af netinu 04.12.07:

http://www.grundaskoli.is/default.asp?sid_id=31546&tre_rod=012%7C002%7C&tId=1

Hagstofan, 2007. *Frétt nr. 44/2009, landsframleiðslan 2008*. Sótt af netinu 21.11.09:

<http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=3989> .

Línuhönnun, 2006. *Kostnaður umferðarslysa eftir alvarleika*. Skýrsla gerð með styrk frá RANNUM og framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar. Sótt af netinu 08.02.08:

[http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/2006_rannum_kostn_alvarl/\\$file/2006-05-15%20Kostna%c3%b0ur%20umfer%c3%b0arslysa%20eftir%20alvarleika.pdf](http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/2006_rannum_kostn_alvarl/$file/2006-05-15%20Kostna%c3%b0ur%20umfer%c3%b0arslysa%20eftir%20alvarleika.pdf)

Menntagatt.is. *Námskrá framhaldsskóla*. Sótt af netinu 08.02.08:

<http://menntagatt.is/default.aspx?pageid=477>

Menntamálaráðuneytið b. *Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti*. 1999. Sótt af netinu 03.04.08:

<http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/AFalmennurhluti.pdf>

Menntamálaráðuneytið, 1999. *Aðalnámskrá leikskóla*. Sótt af netinu 29.11.07:

<http://bella.stjr.is/utgafur/ALalmennurhluti.pdf>.

Menntamálaráðuneytið, 2007. *Lífsleikni 2007*. Sótt af netinu 08.02.08:

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_lifsleikni.pdf

Menntamálaráðuneytið, 2008. *Aðalnámskrá grunnskóla*. Sótt af netinu 03.04.08:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar//nr/3953>

Námshagstofnun, 2006. *Dreifibréf*. Sótt af netinu 29.11.07:

http://www.namsgagnastofnun.is/media/upplysingaefti/2feb.dreifibref_a4.pdf

OECD, Efnahags- og framfarastofnunin, 2004. *Road safety: Making roads healthy*. Sótt af netinu 20.04.08:

http://www.oecdobserver.org/news/fullstory.php/aid/1285/Road_safety:_Making_roads_healthy.html

OECD, 2007. *Youth and Road Safety in Europe*. Sótt af netinu 20.04.08:
<http://www.euro.who.int/Document/E90142.pdf>

Umboðsmaður barna, 2007. *Samþykkt Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989*. Sótt af netinu 27.11.07:
http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/

Umferðarstofa b. *Börn á leikskólaaldri*. Sótt af netinu 25.04.08:
<http://www.us.is/id/1188>

Umferðarstofa c. *Ársskýrslur 2004-2008*. Sótt af netinu 25.07.09:
<http://www.us.is/id/692>

UNECE, Efnahagssamvinnunefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Sótt af netinu 04.12.07:
http://www.euro.who.int/violenceinjury/injuries/20070417_1

WHO, Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2002. *“Young people’s health in context. Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) study: international report from the 2001/2002 survey”*. Sótt af netinu 04.12.07:
http://www.euro.who.int/InformationSources/publications/catalogue/20040601_1

Lagaheimildir

Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010. (Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007).

Umferðarlög nr. 50/1987

Lög um samgönguáætlun nr. 33/2008.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 .

Lög um leikskóla nr. 91/2008.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um námsgögn nr. 71/2007.
